

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Mosfellsbæjar.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Almennt vatnsgjald skal vera 0,11% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

#### 2. gr.

##### *Heimæðagjöld.*

Gjald vegna heimæðagjalda skal vera sem hér segir.

32 mm rör	139.550	kr. án vsk.
40 mm rör	185.879	kr. án vsk.
50 mm rör	267.477	kr. án vsk.
63 mm rör	511.701	kr. án vsk.
75 mm rör	732.081	kr. án vsk.
90 mm rör	909.686	kr. án vsk.
110 mm rör	1.013.007	kr. án vsk.
140 mm rör	1.136.111	kr. án vsk.
180 mm rör	1.363.970	kr. án vsk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 64.478 án vsk.

#### 3. gr.

##### *Mælagjöld.*

Gjald vegna rennslismæla skal vera sem hér segir/verð án vsk.

<i>stærð mælis:</i>	<i>verð kr./dag:</i>
15 mm	25,35
20 mm	27,87
25 mm	35,99
32 mm	39,77
40 mm	50,52
50 mm	59,31
80 mm	159,78
100 mm	163,58

#### 4. gr.

##### *Grafrargjöld.*

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar kr./lengdarmetra 7.874 án vsk.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp:	dýpt sm:	kr./lengdarmetra/án vsk.:
klaki/klöpp	< 30	2.514
klaki/klöpp	> 30	5.073

5. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Aukavatnsgjald til stórnotenda er kr./m<sup>3</sup> 31,20 án vsk.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 434/2011. Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 434/2011.

*Mosfellsbæ, 21. desember 2011.*

**Stefán Ó. Jónsson**, framkvæmdastjóri stjórnslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2012